

29. ágúst 2008

Framsetning árshlutareiknings fagfjárfestasjóðsins KFF Institutional Investor Fund er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

**Afkoma fagfjárfestasjóðsins KFF Institutional Investor Fund á tímabilinu 1. janúar-30. júní 2008**

- Hagnaður varð af rekstri sjóðsins á fyrri helmingi ársins 2008 að fjárhæð 0 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi, en KFF Institutional Investor Fund er útgefandi skuldabréfaflokkanna KFF24 og KFF44 sem hafa verið teknir til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf.
- Eigið fé sjóðsins nam í lok tímabilsins 1 m.kr. skv. efnahagsreikningi.
- Árshlutareikningurinn var kannaður af KPMG hf. sem telur að við könnun sína hafi ekkert komið fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu, efnahag hans 30. júní 2008 og breytingu á hreinni eign á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Fagfjárfestasjóðurinn KFF Institutional Investor Fund**  
**Lykiltölur í m.kr.**

Tímabil	01/01/08 - 30/06/08	09/01/07 - 30/06/07
Hagnaður tímabils færður á hlutdeildarskírteini	0	0

Dagsetning	30/06/08	30/06/07
Eigið fé	1	1

Eigið fé Rekstrarfélags Kaupþings banka hf., sem er rekstraraðili KFF Institutional Investor Fund, þann 30. júní 2008 nam 3.532 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálfyrirtæki er 59,7% en samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. er dótturfélag Kaupþings banka hf. og hluti af samstæðureikningi bankans og dótturfélaga hans.

Hægt verður að nálgast árshlutareikning félagsins frá og með deginum í dag hjá Rekstrarfélagi Kaupþings banka hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Nánari upplýsingar um árshlutareikning KFF Institutional Investor Fund veitir Jón Finnþogason sjóðsstjóri í síma 444 6000.